

# Lög

## um breytingu á búnaðarlögum og lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum (leiðbeiningarþjónusta, búvörusamningar o.fl.).

### I. KAFLI

#### Breyting á búnaðarlögum, nr. 70/1998, með síðari breytingum.

##### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

- Í stað orðanna „eins búnaðarsambands eða fleiri“ í 4. tölul. kemur: Bændasamtaka Íslands.
11. tölul. orðast svo: *Landsráðunautur eða fagstjóri* er ráðunautur sem hefur yfirumsjón með leiðbeiningum á sínu sviði á landsvísu.
12. tölul. fellur brott.

##### 2. gr.

Í stað orðsins „leiðbeiningarmiðstöðvar“ í 8. gr. laganna kemur: leiðbeiningarmiðstöð.

##### 3. gr.

Við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Allir bændur eiga rétt á leiðbeiningarþjónustu samkvæmt lögum þessum.

##### 4. gr.

18. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

##### *Leiðbeiningar.*

Hjá leiðbeiningarmiðstöð starfa ráðunautar sem sinna faglegum leiðbeiningum fyrir bændur undir faglegrri umsjón Bændasamtaka Íslands. Þeir annast eftirlit með búfjárrækt og kynbótum í þeim greinum sem lög þessi taka til. Þeir annast einnig eftirlit með jarðabótum og úttekt jarðabóta eftir því sem við á, sbr. 8. gr.

Ráðunautar skulu hafa lokið háskólaprófi í búvísindum eða öðrum fræðigreinum eftir því sem við getur átt eða hafa menntun og starfsreynslu sem stjórn Bændasamtaka Íslands metur jafngilda.

Landsráðunautar eða fagstjórar skulu starfa í einstökum búgreinum eða fagsviðum eftir því sem um er samið skv. 1. mgr. 3. gr. og fjárveiting heimilar. Þeir hafa yfirumsjón með leiðbeiningum, kynbótum og ræktun í viðkomandi búgrein.

Landsráðunautar eða fagstjórar skulu hafa lokið háskólaprófi í búfræðum og hafa lokið sérnámi á sínu starfssviði eða hafa menntun og starfsreynslu sem stjórn Bændasamtaka Íslands metur jafngilda.

## II. KAFLI

### **Breyting á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum.**

#### 5. gr.

Í stað ártalsins „2015“ í 1. mgr. 37. gr., 1. mgr. 41. gr. og fyrirsögn IX. kafla laganna kemur: 2017.

#### 6. gr.

Í stað ártalsins „2014“ í 3. mgr. 53. gr. og fyrirsögn X. kafla laganna kemur: 2016.

#### 7. gr.

Í stað ártalsins „2011“ í fyrirsögn XI. kafla laganna kemur: 2015.

#### 8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða T í lögunum:

- a. Orðin „um tvö ár“ í 6. másl. falla brott.
- b. Í stað ártalsins „2015“ í 6. og 8. másl. kemur: 2017.
- c. Í stað ártalsins „2014“ í 7. másl. kemur: 2016.

#### 9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða W í lögunum:

- a. Í stað ártalsins „2014“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: 2016.
- b. Á eftir orðunum „öskufalls eða jökulflóða“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: vegna óvenjulegs veðurfars.
- c. Í stað orðanna „enda sé a.m.k. annað þessara skilyrða einnig uppfyllt“ í 1. másl. 1. mgr. koma tveir nýir máslidír, svohljóðandi: Með sama fororði er heimilt að greiða bein- greiðslur til lögbýlis vegna ráðstafana sem ráðherra hefur fyrirskipað fyrir árslok 2012 til útrýmingar á sjúkdómi. Greiðslur samkvæmt þessu ákvæði eru þó aðeins heimilar ef a.m.k. annað eftirgreindra skilyrða er uppfyllt.

#### 10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða X í lögunum:

- a. Í stað orðanna „og 2014“ í 1. mgr. og 1. másl. 2. mgr. kemur: 2014, 2015 og 2016.
- b. Á eftir orðunum „öskufalls eða jökulflóða“ í 1. mgr. kemur: vegna óvenjulegs veðurfars.
- c. Í stað ártalanna „2007–2010“ í 2. másl. 2. mgr. kemur: 2008–2011.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 19. desember 2012.*

